

Ár 2023, föstudaginn 10. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Björgu Ástu Þórðardóttur, Andra Val Ívarssyni og Ástu Björk Eiríksdóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2023:

Knattspyrnudeild Stjörnunnar
gegn
Knattspyrnudeild Víkings R.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:

Knattspyrnudeild Stjörnunnar

Fyrirsvarsmaður: Sæmundur Friðjónsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Víkings R.

Fyrirsvarsmaður: Heimir Gunnlaugsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 23. febrúar 2023.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að knattspyrnuliði Stjörnunnar verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins gegn Víkingi R. er fram fór þann 16. febrúar 2023 í Lengjubíkar meistaraflokks karla, A deild í riðli 3.

Af hálfu kærða er þess krafist að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

III.

Málsatvik:

Kærandi lýsir málavöxtum á eftirfarandi hátt:

„Kærandi gerir þá kröfu að félaginu verði dæmdur 3-0 sigur í leik félagsins gegn Víkingi R. í Lengjubíkar karla sem fór fram þann 16.02.2023. Í kærinni áskildi kærandi sér rétt til framlagningu greinargerðar þar málsatvik yrði rakin nánar og helstu sjónarmið kæranda reifuð. Kærandi vill því koma á framfæri eftirfarandi:

Fyrir liggur niðurstaða Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, dags. 23.02.2023, þar sem fjallað er um leik Stjörnunnar og Víkings R. sem fór fram þann 16.02.2023.

Í niðurstöðu nefndarinnar er vísað til erindis sem barst frá kærða, knattspyrnudeild Víkings R., vegna málsins.

Það er óumdeilt að nafn Ugga Jóhanns Auðunssonar var skráð á leikskýrslu leiksins. Er Ingvar Jónsson, aðalmarkvörður Víkings, meiddist á 61. mínútu, neyddist Víkingur að gera breytingu á liði sínu og setja inn á varamarkvörð sinn. Gerði kærandi því ráð fyrir að inn á myndi koma Uggi Jóhann Auðunsson, sem skráður var á leikskýrslu sem varamarkvörður Víkings. Annað kom hins vegar á daginn. Inn á völlinn kom Jochum Magnússon, sem ekki var skráður á leikskýrslu. Í fyrrnefndu erindi Víkings, sem reifað er í niðurstöðu Aga- og úrskurðarnefndar, gengst félagið við því að hafa skipt inn á leikmanni sem ekki var skráður á leikskýrslu. Raunar gengur félagið lengra og viðurkennir forsvarsmáður félagsins, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar, Haraldur Haraldsson, að starfsmaður félagsins hafi áttað sig á því, áður en leikurinn hófst, að leikskýrslan væri röng. Haraldur segir starfsmanninn hafa látið sig vita af villunni í skýrslunni og óskað eftir ráðleggingum. Framkvæmdastjóri félagsins vissi því af því, áður en leikurinn hófst og áður en Jochum Magnússyni var skipt inn á í stað Ingvars Jónssonar, að skýrslan væri röng.

Kærði, knattspyrnudeild Víkings R., ber því við að starfsmaður félagsins hafi einfaldlega gleymt að breyta leikskýrslunni með dómara leiksins áður en henni var endanlega skilað inn. Aga- og úrskurðarnefnd tekur þær skýringar gildar og telur þar af leiðandi ekki sannað að leikskýrslan hafi vísitandi verið ranglega fyllt út, líkt og áskilið er í gr. 32.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Að mati kæranda getur slík niðurstaða ekki staðist. Það liggur fyrir að kærði vissi, áður en leikurinn og hófst og áður en skýrslunni var skilað inn, að hún innihélt nafn Ugga Jóhanns Auðunssonar, en ekki Jochums Magnússonar. Starfsmenn kærða höfðu því ótal tækifæri til að leiðrétta leikskýrsluna. Það gerðu þeir hins vegar ekki. Starfsmenn kæranda bentu dómara leiksins auk þess á vilunna í leikskýrslunni. Kærandi telur því ljóst að skilyrði reglugerðarákvæðisins séu uppfyllt og að um hafi verið að ræða leikskýrslu sem vísitandi var ranglega fyllt út.

Kærandi telur jafnframt að skýringar kærða haldi vart vatni. Sú staðreynd að Uggi Jóhann hafi spilað leik með 2. flokki Víkings kvöldið áður, eða þann 15. febrúar, útilokar það ekki að hann sitji á varamannabekk meistaraflokks félagsins degi síðar.

Þá telur kærandi einnig ýmislegt benda til þess að starfsmenn kærða hafi vísitandi reynt að afvegaleiða starfsmenn kæranda með því láta sem Uggi Jóhann hefði komið inn á í stað Ingvars Jónssonar. T.d. kölluðu starfsmenn kærða leiðbeiningar inn á völlinn til Jochums þar sem þeir kölluðu hann röngu nafni, þ.e. vísuðu til hans sem Ugga.

Kærandi telur ljóst að niðurstaða Aga- og úrskurðarnefndar dags. 23.02.2023, fái hún að standa, muni skapa afar varhugavert fordæmi til framtíðar. Liðum væri þannig gert kleift að hafa fleiri en sjö leikmenn á varamannabekk hverju sinni og velja þá sem koma inn á, óháð því hvort þeir séu skráðir á leikskýrslu eða ekki. Eftir leik gætu lið einfaldlega skýrt ákvörðun sína á þá leið að um hafi verið að ræða mistök starfsmanns sem hafi gleymt að leiðrétta skýrslunni, og því ekki um vísitandi brot að ræða. Niðurstaða Aga- og úrskurðarnefndar gerir þannig ráð

fyrir afar strangri sönnunarbyrði. Lið sem heldur því fram að leikskýrsla hafi verið vísvitandi ranglega fyllt út þarf því að sanna brot með því að t.d. leiða fram vitni sem staðfesta að brotið hafi verið vísvitandi. Slík niðurstaða væri óásættanleg og myndi í reynd opna einhvers konar ormagryfju. Leikskýrslur yrðu því í reynd tilgangslaugar.

Með vísan til alls framangreinds er það afstaða kæranda að knattspyrnudeild Víkings R. hafi ranglega fyllt út leikskýrslu leiksins með vísvitandi hætti. Á því að dæma kæranda 3-0 sigur í leik liðanna í Lengjubíkar karla sem fór fram þann 16.02.2023.”

Í greinargerð kærða kemur eftirfarandi fram:

„Með erindi dags. 27. febrúar sl. óskaði KSÍ f.h. aga- og úrskurðarnefndar eftir greinargerð knattspyrnudeild Víkings vegna kæru frá knattspyrnudeild Stjórnunnar sem barst skrifstofu sambandsins hinn 23. febrúar sl.

Í greinargerð með kærinni gerir knattspyrnudeild Stjórnunnar kröfu um að félaginu verði dæmdur 3-0 sigur í leik félagsins gegn Víkingi sem fram fór í Lengjubíkar karla hinn 16. febrúar og lauk með 2-1 sigri Víkings. Fyrir liggur formlegur úrskurður aga- og úrskurðarnefndar dags. 23. febrúar sl. þar sem fjallað hefur verið um álitaefnið sem hér um ræðir en þar var niðurstaðan sú að úrslit leiksins standi óhöggð en að knattspyrnudeild Víkings þurfi að þola sekt vegna mistaka við gerð leikskýrslu. Sú niðurstaða er að mati knattspyrnudeildar Víkings í samræmi við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og gerði félagið enga athugasemd við að þurfa að þola sekt vegna málsins.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu hefur knattspyrnudeild Stjórnunnar ákveðið að senda kæru til aga- og úrskurðarnefndar og í greinargerð félagsins er því miður ranglega farið með staðreyndir málsins og vill knattspyrnudeild Víkings því leiðrétta þau atriði hér.

Mannleg mistök við útfyllingu leikskýrslu

Fyrir umræddan leik Víkings og Stjórnunnar fyllti starfsmaður félagsins út leikskýrslu og taldi hann, í forföllum Þórðar Ingasonar, að Uggi Jóhann Auðunsson yrði varamarkvörður liðsins í leiknum. Starfsmaðurinn var ekki meðvitaður um að Uggi Jóhann væri á sama tíma að spila leik með 2 fl. Víkings við Breiðablik í Fífunni. Rétt fyrir leikinn varð þó ljóst að hinn fimmtán ára gamli, löglegi og samningsbundni Jochum Magnússon yrði varamarkvörður í leiknum í forföllum Ugga Jóhanns.

Þegar þarna var komið við sögu hafði leikskýrslan verið útfyllt og afhent bæði dómurum og vallarþuli á Víkingsvelli. Á 61 mínútu leiksins meiddist Ingvar Jónsson markvörður liðsins og varð að yfirgefa völlinn. Framkvæmd var skipting og kom Jochum inn í hans stað. Vallarþulur 2 tilkynnti um skiptinguna og las þá upp nafn Ugga Jóhanns í stað Jochums, enda fylgdi hann því sem kom fram á skýrslunni. Þetta átti sér stað í stöðunni 1-1 en Víkingur sigraði leikinn 2-1.

Röng útfylling skýrslunnar var einfaldlega gáleysisleg mistök starfsmanns sem hreinlega vissi ekki betur. Það er alrangt sem kemur fram í greinargerð Stjórnunnar að Uggi Jóhann hafi spilað leik daginn áður, því leikurinn sem Uggi Jóhann spilaði fór fram á sama tíma og sá leikur sem um ræðir hér. Uggi Jóhann

gat því eðli málsins samkvæmt ekki verið í leikmannahópi Víkings í umræddum leik gegn Stjörnunni. Það er einnig rangt að starfsfólk Víkings hafi haft ótal tækifæri til að leiðrétta skýrsluna, enda var stutt í leik og gat starfsmaðurinn ekki nálgast dómara til þess að reyna að leiðrétta hana fyrir leikinn. Knattspyrnudeild Víkings mótmælir einnig harðlega og fordæmir það sem fram kemur í greinargerð knattspyrnudeildar Stjörnunnar að starfsfólk Víkings hafi kallað Jochum nafni Ugga Jóhanns í þeim tilgangi að afvegaleiða starfsfólk knattspyrnudeildar Stjörnunnar.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Jochum Magnússon er leikmaður Víkings. Hann er samningsbundinn og löglegur. Þátttaka hans í umræddum leik uppfyllir þ.a.l. ekki skilyrði gr. 36.1 í greinargerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem fjallað er um ólöglega skipuð lið eða leikmenn sem spila þrátt fyrir leikbann. Þá uppfylla hin gáleysislegu mistök ekki skilyrði gr. 36.3 þar sem segir að lið skuli tapa leik 3-0 ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út. Það er öllum ljóst að umrædd mistök voru gerð af gáleysi og hafði knattspyrnudeild Víkings enga ástæðu til þess að fylla skýrsluna ranglega út af ásetningi, enda um löglegan leikmann að ræða sem var eini markvörður félagsins sem var tiltækur og gat tekið þátt í leiknum.

Hið varhugaverða fordæmi sem knattspyrnudeild Stjörnunnar telur umrætt mál hafa í för með sér og sú ormagryfja sem deildin telur að opnast á ekki við rök að styðjast, frekar en margt annað sem kemur fram í greinargerðinni. Mannleg mistök geta átt sér stað og þau höfðu engin áhrif á umræddan leik, sem Víkingur sigraði 2-1, eða spilamennsku leikmannsins sem hélt marki sínu hreinu gegn liði Stjörnunnar. Það er miður að knattspyrnudeild Stjörnunnar hafi ákveðið að fara þá leið að gera starfsfólk Knattspyrnudeildar Víkings tortryggilegt og að halda því fram að það hafi reynt að blekkja lið Stjörnunnar eða dómara leiksins af ásetningi.

Reglur KSÍ og fyrri úrskurður aga- og úrskurðarnefndar

Að mati knattspyrnudeildar Víkings eru reglur KSÍ skýrar og þær veita ákveðið svigrúm til mannlegra mistaka ef um löglega skipað lið er að ræða og leikmenn sem eru ekki í leikbanni. Lið Víkings var löglega skipað og hefur verið sýnt fram á ástæður þær sem urðu þess valdandi að leikskýrslan var fyrir mistök ranglega skráð. Knattspyrnudeild Víkings þykir það miður en telur alls ekki hægt að fallast á þau rök að atvikið uppfylli skilyrði gr. 36.1 eða 36.3 svo það valdi því að liðinu verði dæmt 3-0 í sigurleiknum gegn Stjörnunni. Þar fyrir utan hefur aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þegar tekið ákvörðun í málinu með úrskurði sínum dags. 23. febrúar sl. og er vandséð hvernig nefndin getur tekið eigin niðurstöðu til endurskoðunar, sbr. áskilnaður gr. 8.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál en af þeirri grein og grein 4.2 leiðir að nefndinni sé heimilt að endurskoða úrskurði vegna villandi eða rangra upplýsinga. Knattspyrnudeild Víkings hefur ekki gert annað en að sýna samstarfsvilja í þessu máli og hefur veitt allar upplýsingar eftir bestu getu. Af þeim sökum telur knattspyrnudeild Víkings að vísa eigi málinu frá nefndinni.“

IV. Niðurstaða:

Málið varðar það að Víkingur R. hafi ranglega fyllt út nafn þátttakanda í leik liðsins gegn Stjörnunni 16. febrúar 2023. Það hafi Víkingur R. gert með því að skrá ranglega nafn Ugga Jóhanns Auðunssonar á leikskýrslu með númerið 99 en ekki nafn Jochum Magnússonar sem hafi í raun átt að vera skráður á leikskýrslu.

Um hlutgengi leikmanna í deildarbikarkeppni KSÍ:

Um deildarbikarkeppni karla er fjallað í samnefndri reglugerð KSÍ en í grein 1.2 segir að hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með, og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna. Í grein 5.1 segir að knattspyrnulögin séu í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, eftir því sem við á. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, sbr. grein 3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Óumdeilt er að sá leikmaður sem tók þátt í leik Víkings R. gegn Stjörnunni fyrir hönd Víkings R. en var ekki skráður á leikskýrslu, Jochum Magnússon, var hlutgengur til þátttöku í þeim leik. Var því lið Víkings R. löglega skipað til leiks og verður ekki gert að sæta viðurlögum á grundvelli óhlutgengis skv. grein 10.1 í reglugerð um deildarbikarkeppni karla.

Um skráningu leikskýrslu:

Samkvæmt grein 6.3 í fyrrnefndri reglugerð um deildarbikarkeppni karla skal forráðamaður heimaliðs, áður en leikur hefst, afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu en þó skal markvörður/markverðir skráðir fyrstir. Óumdeilt er að leikmaður kærða Jochum Magnússon var ekki skráður á leikskýrslu í leik Víkings R. og Stjörunnar en lék þó með liði Víkings í umræddum leik. Kemur því til álitá grein 36.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.

Í fyrirbyggjandi máli er ekki um það deilt að leikskýrsla í leik Víkings R. og Stjörunnar hafi í það minnsta verið ranglega fyllt út af hálfu kærða. Hefur hið kærða félag þegar gengist við því broti og hlotið sekt að upphæð kr. 50.000,-. Hins vegar, er því haldið fram af hálfu kæranda að kærði hafi ranglega fyllt út leikskýrslu leiksins með vísitandi hætti. Gerir kærandi því kröfu um að honum verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna í Lengjubikar karla.

Aga- og úrskurðarnefnd þykir ljóst, samkvæmt grein 36.3., að ef sýnt þykir að leikskýrsla hafi með vísitandi hætti verið ranglega fyllt út þá skuli liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nem tap hafi verið stærra. Sérstakur áskilnaður er gerður í ákvæðinu um að verknaður hafi verið framinn vísitandi svo því liði sem í hlut á verði úrskurðaður ósigur í viðkomandi leik. Í því máli

sem hér liggur frammi fyrir nefndinni verður að leggja mat á, m.t.t. gagna málsins, hvort skráning Víkings R. á leikskýrslu í leik liðsins við Stjörnuna 16. febrúar sl. feli í sér brot skv. grein 36.3. og uppfylli áskilnað um vísitandi verknað. Vísitandi brot gegn ákvæðum í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er að mati nefndarinnar alvarlegs eðlis og getur haft í för með sér þung viðurlög.

Við sönnunarmat á meintu vísitandi broti Víkings R. hefur nefndin hliðsjón af dómi áfrýjunardómstóls í máli nr. 1/2021. Ber nefndinni að gæta þess að sönnunarkröfur fyrir aga og úrskurðarnefnd séu uppfylltar við mat á sekt kærða í fyrirliggjandi máli. Nánar tiltekið þarf nefndin að leggja mat á það hvort fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] séu á að kærði hafi gerst brotlegur við grein 36.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Við sönnunarmat nefndarinnar er í fyrsta lagi horft til þess að frásagnir í greinargerðum kæranda og kærða fari ekki saman er varðar meint vísitandi brot. Í öðru lagi horfir nefndin til þess að ekki liggi fyrir nein gögn til stuðnings fullyrðingu í greinargerð kæranda að leikskýrsla hafi verið ranglega fyllt út með vísitandi hætti af hálfu kærða. Þá getur nefndin ekki tekið undir sjónarmið kæranda um að í greinargerð kærða felist viðurkenning á að brot hafi verið framið með vísitandi hætti. Það er mat nefndarinnar að í greinargerð kærða sé aðeins gengist við því að leikskýrsla hafi fyrir mistök verið ranglega fyllt út.

Aga- og úrskurðarnefnd telur, með hliðsjón af framangreindu að ekki séu fullnægjandi líkur á að kærði hafi sýnt af sér vísitandi verknað þegar leikskýrsla í leik Víkings R. og Stjörnunnar var ranglega fyllt út. Að mati nefndarinnar liggur þó ljóst fyrir að leikskýrsla hafi verið ranglega fyllt út af hálfu kæranda og staðfestir nefndin því þau viðurlög sem hið kærða félag hefur hlotið vegna þess. Kröfum kæranda um félaginu verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik gegn Víkingi R. er því hafnað.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Stjörnunnar og Víkings R. í Lengjubíkarkeppni karla, sem fram fór þann 16. febrúar 2023, skulu standa óhögguð. Staðfest er sekt Víkings R. að upphæð kr. 50.000, sem félaginu var úrskurðuð 23. febrúar 2023.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]